



Aganefnd HSÍ | Úrskurður 11.3. '21

Úrskurður aganefndar 11. mars 2021

Eftirtalin mál lágu fyrir og var tekið til úrskurðar:

1. Einar Ingi Hrafnsson leikmaður Aftureldingar hlaut útilokun með skýrslu vegna grófs leikbrots í leik Afturelding og Fram í Olís deild karla þann 4.3.2021. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:6 a). Málinu var frestað um sólarhring með hliðsjón af 3. gr. reglugerðar HSÍ um agamál. Greinargerð barst frá Aftureldingu vegna málsins.

Aganefnd hefur skoðað gögn málsins, þ.m.t. myndbandsupptöku af atvikinu og telur brotið réttilega heimfært af dómurum leiksins sem brot gegn reglu 8.6 a).

Niðurstaða aganefndar er tveggja leikja bann. Aganefnd vekur jafnframt athygli á stighækkandi áhrifum leikbanna, skv. 1. mgr. 11. gr. reglugerðar HSÍ um agamál.

Úrskurðurinn tekur gildi nú þegar.

Fleiri mál lágu ekki fyrir.

Úrskurðinn kváðu upp Sverrir Pálmason, Arnar Kormákur Friðriksson og Arnar Þór Sæþórsson.

Samstarfsaðilar Handknattleikssambands Íslands



ICELANDAIR



SAMSKIP VALITOR

